



Stefna Kópavogs í málefnum útlendinga

Samfélag fyrir alla

September 2001

Samstarf félags-, fræðslu- og menningarsviða
og Heilsugæslu Kópavogs

Ávarp

Góðir Kópavogsbúar.

Kópavogur hefur jafnan verið samfélag fjölbreytilegs mannlífs og hér hefur uppruni manna ekki tafið fyrir neinum sem vill vinna með okkur hinum við að móta og rækta samfélag okkar.

Á seinni árum hefur það fæst í vöxt að útlendingar flytji til landsins, enda fæst löndin stöðugt nær hvort öðru og Ísland er í alþjóðabraut. Margir af erlendum uppruna hafa því flust til Kópavogs á undanförunum árum. Það er okkur kappsmál að nýir íbúar finni sig velkomna í bæjarfélagið, sama hvaða uppruna þeir eiga. Það eru hagsmunir okkar allra að sérhver íbúi fái notið sín og fái tækifæri til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins og að allir Kópavogsbúar njóti jafnréttis og sömu tækifæra.

Umræða um samskipti ólíkra menningarheima er ávallt mikilvæg. Nú sem aldrei fyrr er nauðsynlegt að leita leiða sem stuðla að gagnkvæmri virðingu og gefandi samskiptum manna á milli.

“Samfélag fyrir alla” leggur grunn að samfélagi sem fagnar fjölbreytileikanum í mannlífinu en óttast hann ekki. Slíkt samfélag áttar sig á auðlegðinni sem býr í mannfólkinu og undirstrikar jafnan rétt allra manna. Fátt er betur til fallið að stuðla að friðsamlegum samskiptum og farsælu samfélagi.

Sigurður Geirdal, bæjarstjóri

Efnisyfirlit

Leiðarljós	4
1 Inngangur	5
2 Starfshópur um málefni nýbúa	5
3 Vinna við stefnumótun	6
4 Samþætting og fjölmennningarlegt samfélag	7
5 Stjórnsýsluumhverfi	7
1.1 Réttarstaða útlendinga.....	7
1.2 Ráðuneyti og undirstofnanir	8
1.2.1 Dómsmálaráðuneyti	8
1.2.2 Félagsmálaráðuneyti	9
1.2.3 Menntamálaráðuneyti.....	10
1.2.4 Heilbrigðisráðuneyti.....	10
6 Tölulegar upplýsingar	11
7 Alþjóðahús	14
8 Samstarf stofnana	16
9 Starfsáætlun Félagsþjónustu Kópavogs	17
10 Starfsáætlun Leikskóla Kópavogs	20
11 Starfsáætlun Grunnskóla Kópavogs	22
12 Starfsáætlun Íþróttá- og tómstundadeildar Kópavogs	24
13 Starfsáætlun Heilsugæslunnar í Kópavogi	26
14 Kostnaðaráætlun	28
Heimildir	29
Viðauki	31

Leiðarljós

- **Að fjölbreytilegt mannlíf Kópavogs endurspeglar fjölmennarlegt samfélag sem byggir á gagnkvæmri virðingu og tillitssemi.**

Kópavogur er ekki einslitt samfélag. Bæjarfélagið er í örur vexti og til bæjarins flytur fólk af innlendum og erlendum uppruna. Viðurkenning á fjölmennarlegu samfélagi er styrkur bæjarfélagsins, sem stuðlar að jákvæðum viðhorfum og samskiptum manna á milli.

- **Að allir Kópavogsbúar njóti jafnréttis og sömu tækifæra í samskiptum við stjórnarsýslu bæjarfélagsins óháð þjóðerni sínu og uppruna.**

Sérhver Kópavogsbúi er metinn af verðleikum sínum, vegna þekkingar sinnar og reynslu en ekki á grundvelli einhvers hóps sem hann kann að tilheyra.

- **Að stofnanir bæjarins verði aðgengilegar öllum íbúum óháð þjóðerni þeirra eða kunnáttu þeirra í íslensku.**

Stjórnarsýslan og einstakar stofnanir taki mið að ólíkum þörfum íbúa bæjarfélagsins. Upplýsingar um hlutverk og þjónustu einstakra stofnana verði aðgengilegar útlendingum, tekið verði tillit til sérþarfa útlendinga og stofnanir noti túlka þegar þess er þörf.

- **Að útlendingahatur og hvers kyns mismunum vegna þjóðernis og uppruna fái ekki þrífist í Kópavogi.**

Unnið verði fyrirbyggjandi starf með fordómafræðslu og menningarfræðslu. Veittur verði stuðningur og úrræða leitað í einstökum málum.

1 Inngangur

Ísland er hluti af hinu alþjóðlega samfélagi. Það er opið samfélag þekkingar og upplýsingar þar sem nálægðin er meiri en áður með tilkomu öflugrar samskiptatækni og betri samgöngum. Fólksflutningar eru eðlilegur hluti hins alþjóðlega samfélags og merki þess eru farin að sjást á Íslandi eins og annars staðar. Hér er mannlífið orðið fjölbreytilegt og menningin margþætt. Íslendingar setjast að í öðrum löndum í lengri eða skemmri tími og að sama skapi setjast útlendingar að hér. Útlendingum á Íslandi, og þar er Kópavogur ekki undanskilinn, hefur fjölgað stöðugt undanfarin ár og æ fleiri koma frá löndum með alls óskylda menningu. Ein helsta ástæða fjölgunar útlendinga er skortur á vinnuafli, en einnig giftast Íslendingar útlendingum og fjölskyldur eru að sameinast. Nýjar kringumstæður hafa því skapast á Íslandi þar sem útlendingar setja svip á samfélagið og auðga það á margvíslegan hátt. En samtímis hafa ný vandamál gert vart við sig sem, að því er virðist, er fylgífiskur þess að þegar ólíkir menningarheimar mætast.

2 Starfshópur um málefni nýbúa

Í nóvember 2000 gerði Félagspjónusta Kópavogs að tillögu sinni að settur yrði á fót starfshópur félags- og fræðsluviða og frá Heilsugæslu Kópavogs um málefni nýbúa. Þessu til grundvallar lá sú staðreynd að stöðugt fleiri tilvik áttu sér stað þar sem ljóst var að félagspjónusta til handa útlendingum, ein saman, mátti sín lítils í þeirri viðleitni að koma til aðstoðar, enda þörf fyrir þjónustu sjaldnast einvörðungu af félagslegum toga. Markmið með starfi starfshópsins var því að vinna að stefnumörkun bæjarfélagsins í málefnum nýbúa og leita leiða með hvaða hætti stofnanir bæjarins gætu unnið saman þannig að þjónusta við útlendinga yrði eins og best yrði á kosið. Eftirtaldir skipuðu starfshópin: María Þorsteinsdóttir forvarnarfulltrúi frá Félagspjónustunni, Anna Karen Ásgeirsdóttir sérkennslufulltrúi Leikskólaskrifstofu, Linda Undengård æskulýðs- og forvarnarfulltrúi Íþrótt- og tómstundaskrifstofu, Tómas Jónsson sérkennslufulltrúi Skólaskrifstofu, Karen Júlía Júlíusdóttir skólahjúkrunarfræðingur og Sigríður Pálmadóttir hjúkrunarforstjóri Heilsugæslunnar. Í forföllum Sigríðar var Margrét Stefánsdóttir ljósmóðir.

Hópurinn hefur haldið 8 vinnufundi. Til grundvallar niðurstöðu hópsins liggur umtalsverð upplýsingasöfnun um málefni útlendinga í formi viðtala, skýrslna og annars upplýsingaefnis. Hópurinn lauk störfum í apríl.

3 Vinna við stefnumótun

Mögleikar útlendinga til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu eru takmarkaðir ef ekki er komið á móts við þarfir þeirra með einum eða öðrum hætti. Í stefnumótunarvinnunni var það haft að leiðarljósi að Kópavogur er orðið fjölmennigarlegt samfélag. Mannlífið í Kópavogi er fjölbreytilegt, íbúarnir eiga sér ólíkan uppruna og menningararfur þeirra er mismunandi. Í þessum fjölbreytileika felst mannauður og hann verður ekki nýttur nema að hver og einn fái notið sín og geti þannig lagt sitt af mörkum til samfélagsins.

Íbúar Kópavogs af erlendum uppruna eru fyrst og fremst Kópavogsbúar með ákveðin réttindi og skyldur eins og aðrir íbúar. Réttur þeirra er einstaklingsbundinn en taka verður tillit til tiltekinna sameiginlegra þarfa sem óhjákvæmilega skapast við það að aðlagast nýju samfélagi. Stefnumótunin hefur að leiðarljósi sjónarmið fjölmennigarlegs samfélags, jafnræði íbúa og aðgengi að þjónustu og þess að íbúar eigi ekki að þurfa að líða fyrir uppruna sinn.

Grundvallarhugmyndin í stefnumótunarvinnu starfshópsins er samþætting þjónustu, að íbúar Kópavogs af erlendum uppruna fái alla almenna þjónustu hjá stofnunum bæjarfélagsins eins og aðrir Kópavogsbúar. Til þess að útlendingar geti nýtt sér þjónustuna sem skyldi verða stofnanir bæjarins að reyna að koma á móts við sérþarfir þeirra.

Í þessari greinargerð vísar hugtakið útlendingur til þeirra sem eru erlendir ríkisborgarar eða þeirra sem hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt en eru fæddir í öðrum löndum.

4 Samþætting og fjölmenningslegt samfélag

Viðhorf til þess hvernig standa beri að aðlögun og þátttöku útlendinga í samfélagi meirihlutans hefur tekið miklum breytingum. Á áttunda áratugnum var mikil þörf fyrir vinnuafli á Norðurlöndunum og flykktist fólk þangað frá Suður-Evrópu og Asíu í von um vinnu og betra líf. Fyrstu árin var talið mikilvægt að innflytjendur tileinkuðu sér reynsluheim og menningu meirihlutans, jafnvel var aðskilnaður barna og foreldra talinn æskilegar til að flýta fyrir tileinkun barnsins á tungumálinu. Markmið þessarar stefnu var að gera útlendinga sem líkasta meirihlutanum í siðum og venjum, þannig að þeir samlögðust menningu og tungu og segðu þar með skilið við sína eigin. Með þessu virðist ekki hafa verið lagður grunnur að skilningi og umburðarlyndi og afleiðingarnar oft tortryggni, erfiðleikar og ófriður í samskiptum.

Ríkjandi hugmyndafræði í dag byggir á samþættingu. Viðfangsefni stefnumótunarvinnu með samþættingu að leiðaljósi er að koma á móts við þarfir útlendinga til að gera þeim kleift að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Áhersla er lögð á að útlendingar missi ekki sérkenni sín, tengsl við menningu sína og tungu heldur að þeir fái notið sín í fjölmenningslegu samfélagi. Með því að viðurkenna og virða ólíka menningu og leyfa henni að njóta sín styrkir það samfélagið. Styrkurinn felst m.a. í því að fleiri nýjar hugmyndir líta dagsins ljós, nýir hæfileikar koma fram og uppgötvaðar eru nýjar leiðir til úrlausnar vandamála. Þar með er stuðlað að því að hver og einn fái tækifæri til að taka þátt í samfélaginu og hann um leið metinn að eigin verðleikum. Leiðirnar að settum markmiðum samþættingar byggja mikið á fræðslu, ekki bara fræðslu fyrir útlendinga um íslenskt samfélag, heldur fræðslu fyrir alla um hvað það þýðir að búa í fjölmenningslegu samfélagi, og síðast en ekki síst fræðslu um fordóma og mismunun.

5 Stjórnsýsluumhverfi

1.1 Réttarstaða útlendinga

Réttarstaða útlendinga fyrir dvöl hér á landi eru mismunandi eftir því hvaðan þeir koma og hvernig þeir koma.

Norðurlandabúar geta flutt og starfað hindrunarlaust á milli Norðurlandanna og er réttur þeirra til félagslegrar þjónustu tryggður í norrænum samningi. Ríkisborgarar frá EES aðildarlöndum geta komið til landsins og dvalið í þrjá mánuði í atvinnuleit. Þeir halda rétti til félagslegrar þjónustu í sínu heimalandi þann tíma. Þegar þeir hafa fengið atvinnu fá þeir formlegt dvalarleyfi og skulu í framhaldi af því skrá hér lögheimili. Við lögheimilisskráningu skapast sami félagslegi réttur og aðrir íslenskir launþegar hafa. Um komu flóttamanna gilda sérstakar reglur og hefur félagsmálaráðuneytið gert samning við Rauða kross Íslands um móttöku þeirra. Þá er ótalinn sá hópur útlendinga sem kemur frá öðrum löndum, þ.e. frá Evrópulöndum utan EES og Norðurlanda, Norður og Suður Ameríku, Asíu, Afríku og Eyjaálfu. Fólk frá þessum löndum fær ekki að dvelja hér á landi lengur en þrjá mánuði án þess að hafa fengið dvalarleyfi frá Útlendingaeftirliti og ef það hyggst vinna verður það að fá atvinnuleyfi útgefið af Vinnumálastofnun. Með aðild Íslands að Schengen samstarfinu, 25. mars 2001, verða allir þeir sem sækja um dvalarleyfi á Íslandi að fá vegabréfsáritun fyrst og gildir sú áritun innan allra aðildarlönda Schengen. Íslensk sendiráð eða Útlendingaeftirlitið eru ekki lengur útgáfuaðilar vegabréfsáritana. Gerðir hafa verið samningar við Dani um útgáfu á 70 stöðum, til viðbótar eru samningar, m.a. við hin Norðulöndin um 60 aðra útgáfustaði og fjölgar því útgáfustöðum úr 30 í 130. Skýrar reglur gilda um útgáfur áritana og getur það t.d. lengt umsóknarferli dvalarleyfis.

1.2 Ráðuneyti og undirstofnanir

Hér á eftir er farið yfir það helsta er snertir ólíka hópa útlendinga, helstu ráðuneyti sem hafa með málefni útlendinga að gera og undirstofnanir þeirra.

1.2.1 Dómsmálaráðuneyti

Útlendingaeftirlitið tekur við og afgreiðir umsóknir um dvalarleyfi, en dómsmálaráðuneytið er úrskurðaraðili. Dvalarleyfi er veitt til eins árs í senn að öllu jöfnu, en eftir þriggja ára dvöl er hægt að sækja um óbundið dvalarleyfi (permanent residence). Lög sem eru í gildi eru *lög um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965* og *lög um frjálstan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 47/1993*. Fyrirnefnd lög hafa verið endurskoðuð og hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um útlendinga. Dómsmálaráðuneytið fer með meðferð umsókna um

Íslenskan ríkisborgararétt sbr. *lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952*. Sömuleiðis fer ráðuneytið með leyfisveitingar til útlendinga vegna íbúðarkaupa og annarra fasteignaviðskipta.

1.2.2 Félagsmálaráðuneyti

Vinnumálastofnun veitir atvinnuleyti fyrir útlendinga í umboði félagsmálaráðuneytisins samkvæmt *lögum um atvinnuréttindi útlendinga (nr. 133/1994)*. Fyrir liggur frumvarp á Alþingi sem felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum. Atvinnuleyfi eru einungis veitt ef kunnáttumenn verði ekki fengnir innanlands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafli eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu og það eru atvinnuveitendur sem eru handhafar leyfisins. Sérstakar ástæður eru tilgreindar sem mannúðarsjónarmið (ríkisborgarar stríðshrjáðra landa). Þá er það áréttað að ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir útlendinga sem eru ríkisborgarar EES landa eða þá sem eiga íslenskan maka. Síðastnefnda undanþágan varð að lögum á síðasta ári (maí 2000). Þá er félagsmálaráðuneytið æðra stjórnvald gagnvart sveitarfélögum m.a. varðandi félagsþjónustu og heyrir úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaganna undir ráðuneytið.

Eins og áður sagði fer félagsmálaráðuneytið með málefni flóttamanna. Flóttamenn eru aðeins brot af þeim útlendingum sem koma hingað til lands. Fyrstu flóttamennirnir komu hingað 1956 frá Ungverjalandi. Heildarfjöldi flóttamanna sem hingað hafa komið er um 350. Stór hluti þeirra hefur snúið aftur til síns heimalands. Staða flóttamanna er allt önnur en annarra útlendinga sem hingað koma. Við móttöku þeirra gilda ákveðnar reglur um hvernig ber að aðstoða þá. Þeir fá m.a. óbundið atvinnu- og dvalarleyfi, aðstoð fyrsta árið til að koma sér fyrir og við framfærslu. Þeir eru einnig sjúkratryggðir og fá markvissa íslenskukennslu. Flóttamannaráð hefur yfirumsjón með móttöku flóttamanna en Rauði Kross Íslands annast móttöku þeirra samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið. Móttaka og aðstoð við flóttamenn er bundin í lög í nýju frumvarpi sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

1.2.3 Menntamálaráðuneyti


Menntamálaráðuneytið fer með stefnumörkun og námskrágerð fyrir grunn- og framhaldsskóla og gerir uppeldisáætlun fyrir leikskóla. Í aðalnámskrá grunnskóla er ítarleg umfjöllun um hvernig standa skal að kennslu barna sem hafa íslensku sem annað tungumál og á það jafnt við um nemendur af íslenskum og erlendum uppruna. Jafnframt hefur menntamálaráðherra gefið út reglugerð sem kveður á um rétt á sérstakri íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku (nr. 391/1996). Þar er miðað við að hver nemandi fái 2 stundir á viku í sérstakri íslenskukennslu á meðan hann er að ná tókum á málinu. Einnig kemur fram í reglugerðinni að í skólum þar sem því verður við komið og með samþykki sveitarstjórnar skuli nemendur fá kennslu í og á eigin móðurmáli í samráði við forráðamenn. Ráðuneyti menntamála hefur einnig styrkt íslenskunám fyrir fullorðna sem koma frá framandi málssvæðum.

1.2.4 Heilbrigðisráðuneyti


Heilbrigðisráðuneytið kemur að málefnum útlendinga með óbeinum hætti í gegnum landlæknisembættið og Tryggingastofnun ríkisins. Heilbrigðiseftirlit er í höndum landlæknisembættisins og er heilbrigðisvottorð ein af forsendum þess að veitt er dvalarleyfi eða tímabundið atvinnuleyfi. Um heilbrigðissskoðun fer samkvæmt reglugerð. Réttur til heilbrigðisþjónustu er byggður á tvennum lögum. Annars vegar á lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og hins vegar á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993. Önnur löggjöf er lög nr. 118/1993 um félagslega aðstoð tryggingastofnunar og lög um réttungi sjúklinga nr 74/1997. Í þeim síðarnefndu er tilgreindur réttur útlendinga til túlkajónustu í heilbrigðiskerfinu. Skilyrði þess, í stuttu máli, að njóta sjúkratrygginga í almannatryggingakerfinu er að hafa átt lögheimili á hér á landi í 6 mánuði. Slysatryggingar eru ekki bundnar lögheimilisákvæði heldur því að launþegi starfi hér á landi. Lífeyristryggingar eru bundnar lögheimilisákvæði sem er mismunandi eftir bótaflokkum.

6 Tölulegar upplýsingar

Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað jafnt og þétt hér á landi síðustu þrjú áratugi. Árið 1980 voru þeir rúmlega þrjú þúsund og tvö hundruð en tæplega sjö þúsund og þrjú hundruð í lok árs 1999, tölur fyrir árið 2000 eru enn ekki tiltækar. Sjá mynd 1¹



Norðurlandabúar og Evrópubúar eru meirihluti erlendra ríkisborgara, austur Evrópubúum fjölgar ört, en hlutfallslega hefur erlendum ríkisborgurum frá Asíu fjölgað mest á þessu 30 ára tímabili.



¹ Heimild: Hagstofa Íslands, allar tölulegar upplýsingar í myndum og töflum er fengnar frá Hagstofu.

Erlendir ríkisborgarar með lögheimili hér á landi 31. desember 1999 voru 7.271 eða um 2,6% þjóðarinnar. Ætla má að um 4% þjóðarinnar eigi sér erlendan uppruna ef taldir eru með þeir sem fæddir eru í öðrum löndum og hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt. Ríflega 200 manns, t.a.m. fengu íslenskan ríkisborgararétt árið 1999 og yfir 250 árið 1998.

Á árinu 1999 fjölgaði erlendum ríkisborgunum um 750 eða um tæp 12% að meðaltali. Hlutfallsleg fjölgun var mest meðal Rússa, Hvítrússa og Úkraínúanna, einnig meðal fyrrum Júgóslava og Filippseyinga. Eftirfarandi mynd sýnir þá erlendu ríkisborgara sem voru fjölmennastir í lok ársins 1999:

Mynd 3, erlendir ríkisborgarar með lögheimili á landinu 31. des. '99


Ríkisfang	Breyt.				18 ára	
	Allir	frá'98	Karlar	Konur	0-17 ára	og eldri
Pólverjar	1.189	15%	510	679	137	1.052
Danir	941	1%	373	568	191	750
Bandaríkjamenn	568	-3%	289	279	104	464
Fyrrum Júgóslavar	454	35%	241	213	129	325
Tælendingar	395	18%	99	296	75	320
Þjóðverjar	352	12%	97	255	36	316
Bretar	347	0%	216	131	34	313
Filippseyingar	341	29%	92	249	46	295
Svíar	305	5%	130	175	46	259
Norðmenn	302	2%	112	190	34	268
Rúss./hvítrúss./úkran	193	41%	85	108	49	144
Aðrir erlen. ríkisborg.	1.888	16%	914	970	238	1.646
Alls	7.271	12%	3.158	4.113	1.119	6.152

Heimild: Hagstofa Íslands


Upplýsingar um búferlaflutninga erlendra ríkisborgara hafa verið birtar af Hagstofunni fyrir janúar til desember árið 2000. Þar kemur fram að aðfluttir umfram brottflutta erlenda ríkisborgara voru 1.652. Flestir komu frá Evrópulöndum utan EES eða 703 og af þeim hópi voru Pólverjar fjölmennastir eða 274. Frá Asíu komu 386, þar af flestir frá Filippseyjum eða 153. Frá EES löndum voru 314 og í þeim hóp voru Þjóðverjar langfjölmennastir eða 130.

Í könnuninni Ung 2000 sem framkvæmd var af Rannsóknir og greining meðal allra nemenda í 9. og 10. bekk grunnskólans s.l. vor kom fram að á heimilum 9,5% nemenda er talað annað tungumál en íslenska og á 2% heimila var ekki töluð íslenska. 7% nemenda eiga sér annað móðurmál en íslensku.

Ef litið er til Kópavogs sérstaklega kemur í ljós að Kópavogsbúar í hópi erlendra ríkisborgara voru 457 lok árs 1999 eða rúm 6% af heildarfjölda erlendra ríkisborgara á landinu öllu. Flestir komu frá Norðurlöndunum og Asíu.



Ef hópnum er skipt eftir ríkisfangslandi kemur í ljós að langflestir eru með danskt ríkisfang, en alls koma Kópavogsbúar með erlent ríkisfang frá 46 þjóðlöndum.



Skipting eftir kyni og aldri er önnur hjá þessum 457 erlendu ríkisborgurum en hinum íslensku. Í stað þess að vera nánast jöfn skipting milli kynja eru erlendar konur fjölmennari en erlendir karlar. Þær eru 267 talsins eða rúm 58%, en karlarnir 190 eða 42%. Aldursdreifingin er sömuleiðis ólík. Aðeins 15% erlendu ríkisborgaranna eru 17 ára og yngri eða samtals 71 barn. Hlutfall 17 ára og yngri hjá íslenskum ríkisborgurum er um 28%.

Engin teikn eru á lofti um annað en að erlendum ríkisborgurum haldi áfram að fjölga. Ætla má að hátt í hundrað manns hafi bæst í hóp Kópavogsbúa af erlendum uppruna á síðasta ári og þeir nálgist nú sjötta hundraðið.

7 Alþjóðahús

Í maí í fyrra var skipaður starfshópur af hálfu framkvæmdastjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu til að kanna kosti á samstarfi þeirra á milli varðandi málefni nýbúa. Í starfshópinum voru skipaðir fulltrúar frá Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Hópnum var falið að vinna að tillögum og fyrirkomulagi að samstarfi sveitarfélaganna um stofnun og rekstur svonefnds Alþjóðahúss. Sömuleiðis var hópnum falið að kanna möguleika á að fela frjálsum félagsamtökum, m.a. Rauða kross Íslands rekstur slíks húss og einnig leita eftir samstarfi við ríkið um reksturinn.

Tillögur starfshópsins ásamt greinargerð voru lagðar fram í ágúst um samstarf að stofnun Alþjóðahúss. Sveitarfélögin hins vegar settu þann fyrirvara að þau væru ekki tilbúin í slíkt samstarf án þátttöku ríkisins. Fyrirvarinn setti málið í biðstöðu og í byrjun þessa árs lagði óformlegur starfshóður fram tillögur um að sveitarfélögin stofnuðu einkahlutafélag um Alþjóðahús.

Meginmarkmið með starfi Alþjóðahúss er að útlendingar taki virkan þátt í íslensku samfélagi og allir íbúar nýti kosti fjölmenningslegs samfélags án árekstra. Alþjóðahúsið á að gegn lykilhlutverki í þróun fjölmenningslegs samfélags, að tengja saman fólk af ólíkum uppruna og vinna gegn fordómum og fyrirbyggja átök vegna mismunandi uppruna íbúanna. Alþjóðahúsið er miðstöð sérþekkingar og sérhæfðar þjónustu við útlendinga og þá sem að málum þeirra koma og því mikilvæg viðbót og

stuðningur við þjónustu sveitarfélaga sem eiga aðild að rekstri hússins. Helstu starfsþættir Alþjóðahúss munu verða:


- Túlkaþjónusta
- Sérhæfð ráðgjöf til einstaklinga, stofnana félagasamtaka og fyrirtækja
- Fræðsla og námskeiðahald
- Öflun og miðlun upplýsinga
- Hópa og sjálfbóðaliðastarf

Að auki er gert ráð fyrir að útlendingafélög og önnur frjáls félagasamtök fái aðstöðu til að starfa í húsinu og þar verði vettvangur fyrir menningarkynningar og ræktun upprunamenningar íbúa. Lögð er áhersla á að útlendingar eigi aðkomu að stjórn Alþjóðahússins.

Þegar hefur náðst samkomulag um að Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður og Seltjarnarnes og Reykjavíkurdéild Rauða Kross Íslands standi að stofnun og rekstri Alþjóðahúss.

8 Samstarf stofnana

Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir því í stefnumótuninni að útlendingar fái alla þá almennu þjónustu sem öðrum stendur til boða. En eigi hún að nýtast verður að leita leiða til að koma á mótis við sérstakar þarfir þeirra. Eins og fram kemur á eftirfarandi skipuriti er gert ráð fyrir ákveðinni miðlægni í þjónustu við útlendinga þar sem ráðgjöf og upplýsingagjöf verður í Dalshúsi. Þar kemur einnig fram að Alþjóðahúsið er ákveðið bakland með sína sérhæfðu og sértæku þekkingu og þjónustu.



Gert er ráð fyrir því að stofnanirnar hafi samstarf og samvinnu um einstök verkefni. Í því sambandi er eftirfarandi sérstaklega lagt til:

- Starfshópurinn starfi áfram og fylgi eftir stefnu Kópavogs í málefnum útlendinga. Fulltrúarnir væru tengiliðir inn í sínar stofnanir og til yrði ákveðinn vettvangur til að þróa samstarf.
- Gefinn verði út á þessu ári sameiginlegur einfaldur, en þó glæsilegur kynningarbæklingur um Kópavog í samstarfi við Markaðsdeild. Hann verði þýddur á nokkur tungumál. Markmið bæklingins væri að bjóða nýja bæjarbúa og aðra velkomna í Kópavog og kynna fyrir þeim bæjarfélagið. Þar komi fram grunnupplýsingar um einstakar stofnanir, þjónustu, afþreyingu og menningu í bænum.
- Stofnanir, frjáls félagasamtök, kirkjan, fyrirtæki og einstaklingar standi saman að því að halda alþjóðaviku í bænum árið 2002. Tilgangur hennar væri að vekja athygli á málefnum útlendinga og undirstrika framlag þeirra til bæjarfélagsins. Þar kæmi fram mikilvægi þess fyrir Kópavog að vera hluti af hinu alþjóðlega samfélagi í ljósi efnahagslegrar og menningarlegrar framþróunar. Undirbúningur að alþjóðaviku hefjist á þessu ári.
- Unnið verði að því að koma á fót stöðugildum til starfsþjálfunar fyrir útlendinga hjá bænum þar sem jafnhliða færi fram íslenskukennsla. Markmiðið með slíku starfi væri að stuðla að virkri þátttöku útlendinga í atvinnulífi Kópavogsbæjar.

Starfsáætlanir stofnana bæjarins verða kynntar í næstu köflum og þar kemur fram með hvaða hætti stofnanirnar ætla sér að koma á móts við þarfir bæjarbúa af erlendum uppruna.

9 Starfsáætlun Félagsþjónustu Kópavogs

Inngangur

Til þess að þjónusta Félagsþjónustunnar teljist aðgengileg þarf að fullnægja ákveðnum skilyrðum. Í fyrsta lagi þarf hún að vera vel kynnt til þess að þeir sem þurfa á henni að halda geti borið sig eftir henni. Í öðru lagi verður sá sem veitir þjónustuna að búa yfir vitneskju um hagi og aðstæður þess sem leita eftir þjónustu og

geta aflað frekari upplýsinga til þess að geta lagt mat á þjónusturéttinn. Í þriðja lagi verður að vera hægt að veita þjónustuna á þann hátt að hún mæti þjónustubörf eftir föngum og geti þar með komið að sem mestum notum.

Markmið

- **Bæta aðgengi útlendinga að Félagsþjónustunni**

Leiðir að þessu markmiði:

- **Upplýsingagjöf og vegvísir fyrir útlendinga**

Almenn upplýsingagjöf til útlendinga um bæjarfélagið, einstakar stofnanir og þjónustuúrræði verður í höndum forvarnarfulltrúa Félagsþjónustunnar. Kosturinn við slíkt fyrirkomulag er fyrst og fremst sá að einfalda annars frekar flókið stjórnkerfi fyrir þá sem eru ókunnugir. Einnig skapast við slíkt fyrirkomulag heildarsýn yfir stöðu og þarfir útlendinga og vonandi einnig sérþekking á málefnum þeirra innan bæjarfélagsins. Slíkt yrði viðbót við þá sérþekkingu og sértæku úrræði sem Alþjóðahúsið hefur yfir að ráða og getur skilað sér í því að þjónusta Alþjóðahússins komi að meiri notum. Sjá skipurit á bls. 15, en gert er ráð fyrir að forvarnarfulltrúi hafi aðsetur í Dalshúsi.

- **Upplýsingaefni**

Mikilvægt er að öllum upplýsingum sé komið á framfæri á skipulagðan og formlegan hátt og því þarf að útbúa upplýsingaefni og bækling um þjónustu og úrræði Félagsþjónustunnar á erlendum tungumálum.

- **Túlkþjónusta**

Þrátt fyrir að ekki sé lagaskylda enn þá fyrir því að nota túlka í félagsþjónustunni er ljóst að þörfin er brýn þegar í hlut eiga einstaklingar sem tala litla eða enga íslensku. Í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um notkun túlka. Rétt er að setja leiðbeinandi reglur um það hvenær nota skal túlk. Einnig, að túlkþjónusta verði fastur liður í fjárhagsáætlun Félagsþjónustunnar.

• **Fræðsla um fjölmennningarlegt samfélag**

Víðsýni og virðing fyrir menningu og tungu annarra er ein af forsendum friðsamlegra samskipta í fjölmennningarlegu samfélagi. Fræðsla gegnir þar lykilhlutverki, þar með talin fræðsla um mismunandi menningu, fræðsla um fordóma og fræðsla um hvers konar upprunamismunun.

Leiðir að þessu markmiði:

➤ **Menningarkynningar**

Koma þarf upp gagnasafni um ólíkar menningar, siði, gildi og venjur til að auka skilning, virðingu og víðsýni í samskiptum fólks af ólíkum uppruna. Nauðsynlegt er að skapa vettvang fyrir útlendinga til að kynna menningu sína og þjóðararf.

➤ **Fordómafræðsla**

Stöðugt þarf að vera vakandi gagnvart hvers konar fordómum og mismunun vegna uppruna. Leggja þarf áherslu á fræðslu um fordóma og kynþáttahatur og fyrirbyggjandi starf í því efni. Námskeið verða í öllu falli á vegum Alþjóðahúss.

➤ **Hagnýt fræðsla um túlkþjónustu**

Starfsfólk þarf að fá fræðslu um hvernig nota á túlkþjónustu og túlk í viðtölum.

• **Sértæk úrræði**

Meta þarf jöfnum höndum þörf fyrir sértæk úrræði og hafa í huga hvort útlendingar geti nýtt ákveðin þjónustutilboð Félagsþjónustunnar eða hvort þörf er á nýjum úrræðum. Um samstarfsverkefni gæti verið að ræða við ýmsa aðila, s.s. skólann, Alþjóðahús, Heislugæslu. Sem dæmi má nefna eftirfarandi:

- Fræðslunámskeið fyrir útlendinga um ýmis réttindi og skyldur í íslensku samfélagi.
- Unglingahópastarf í Dalshúsi.
- Stuðningshóp fyrir nýorðnar mæður.

- Stuðningsfjölskyldukerfi fyrir bæjarbúa af erlendum uppruna sem eru nýfluttir til landsins í bæinn.
- **Viðbrögð við fordómum og mismunum vegna uppruna**

Án tafa ætti að bregðast við tilvikum þar sem bregður fyrir kynþáttafordómum og mismunum vegna uppruna. Liggja þarf fyrir áætlun um meðferð slíkra mála.

10 Starfsáætlun Leikskóla Kópavogs

Inngangur

Leikskólar Kópavogs starfa samkvæmt lögum og aðalnámskrá leikskóla. Þar er gert ráð fyrir að leikskólinn sé fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu, tungu eða trú. Leikskólinn á að hjálpa börnum frá öðrum menningarsvæðum til að vera virkir þátttakendur í hinu nýja samfélagi, þannig að þau öðlist sjálfsöryggi í hinu nýja umhverfi. Leikskólarnir leitast við að mæta hverju barni á eigin forsendum og byggja upp gott foreldrasamstarf. Ísland er þátttakandi í fjölbreytilegu samfélagi þjóða. Áhugi barna á öðrum þjóðum vaknar snemma og ber að efla þann áhuga. Börn þurfa að læra að hver þjóð hefur sín sérkenni og sína sérstæðu menningu sem ber að meta og virða.

Leikskólar Kópavogs veita börnum af erlendum uppruna, sem ekki tala íslensku forangang í leikskóla og sérkennslutíma í íslenskukennslu og félagslegri aðlögun.

Starfsfólk er hvatt til að notfæra sér túlkaþjónustu þegar þess gerist þörf og að kynna sér menningu og siði ólíkra landa.

Fjöldi barna af erlendum uppruna hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum og sama er að segja um útlenda starfsmenn í leikskólum.

Leikskólaskrifstofa Kópavogs hefur staðið fyrir námskeiði um fjölmennningarlegt samfélag og stendur til að hafa fleiri slík á næstu árum.

Markmið

- **Bæta aðgengi útlendinga að leikskólum Kópavogs.**

Til þess að geta sem best þjónað börnum af erlendum uppruna er mikilvægt að hafa gott yfirlit yfir fjölda barna, tungumál og hvaða leikskóla börnin sækja. Bæta þarf aðgengi að upplýsingum um leikskólana og gera þá sýnilegri.

Leiðir að þessu markmiði

- **Þýðingar á umsóknareyðublöðum og bæklingum**
- **Hvetja þarf foreldra til að skrá á umsóknareyðublöðin þau tungumál sem töluð eru á heimilinu.**
- **Bæta þarf skráningarkerfi erlendra barna á leikskólaskrifstofu**

- **Bæta íslenskukennslu í leikskólum.**

Til þess að geta notið skólagöngu og annars þess sem íslenskt samfélag hefur upp á að bjóða er börnum sem þar alast upp nauðsynlegt að ná góðum tókum á íslensku máli. Leikskóladvöl er afar mikilvæg fyrir íslenskunám barna af erlendum uppruna, þar læra þau grunninn í málinu sem er mikilvægur fyrir nám og störf í framtíðinni.

Leiðir að þessu markmiði

- **Sérkennslutímar vegna íslenskukennslu**
 - **Auka færni og skilning starfsmanna á því að kenna íslensku sem annað mál í leikskólanum.**
 - **Laga námsumhverfi leikskólans að þörfum barna af erlendum uppruna og leggja áherslu á fjölmenningarlega starfsemi. (tal-og ritmál, hefðir og siðir, leikföng og myndir, o.fl.)**
- **Nýta þá menningarlegu fjölbreytni sem er til staðar í leikskólanum og vinna gegn fordómum.**

Í flestum leikskólum Kópavogs eru börn af erlendum uppruna. Mikilvægt er að leggja rækt við að ná góðu sambandi við foreldra þeirra í þeim tilgangi að gera menningu þeirra sýnilega og sjálfsagðan hlut af starfi leikskólans.

Leiðir að þessu markmiði

- **Setja í skólanámskrá hvernig viðkomandi leikskóli ætlar að mæta þessum þáttum í leikskólastarfinu.**

11 Starfsáætlun Grunnskóla Kópavogs

Inngangur

Vegna þess að Ísland er orðið fjölmenningslegt samfélag og Kópavogur annað stærsta sveitarfélag landsins er eðlilegt að Kópavogsbær marki sér ákveðna stefnu varðandi þá nemendur sem hafa íslensku sem sitt annað tungumál.

Ný aðalnámskrá grunnskóla leggur ríka áherslu á að grunnskólinn mæti þörfum útlendra nemenda og nýti sér á jákvæðan hátt það að þessir nemendur búi yfir sér reynslu og öðru tungumáli. Í aðalnámskrá grunnskóla er stefnan skýrð á eftirfarandi hátt:

- Tilgangurinn með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er að nemendur verði hæfir til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima og auðgi með því íslenskt mannlíf.
- Markmið kennslunnar fela í sér að íslenska sem annað tungumál sé lykill að íslensku skólastarfi, íslensku samfélagi, virku tvítyngi og tveimur menningarheimum (Aðalnámskrá grunnskóla:1999, bls. 84).

Grunnskólar Kópavogs munu vinna í anda aðalnámskrárinnar og meginverkefnið verða því að leita leiða og bæta starfsaðferðir til þess að útlendir nemendur með annað móðurmál, nái sem bestum tókum á íslensku og geti sem fyrst stundað sjálfstætt nám í skóla. Það mun Kópavogsbær gera með því m.a. að starfrækja öfluga móttökudeild sem sinni nemendum fyrstu mánuði þeirra í grunnskóla. Jafnframt að

styrkja hvern skóla með fræðslu og ráðgjöf og efla þannig þekkingu og færni kennara í almenna skólakerfinu til þess að mæta þörfum þessa nýja nemendahóps.

- Innan skólakerfisins þarf einnig að eiga sér stað fræðsla gegn hvers konar fordómum og útlendingahatri.

Leiðir að þessum markmiðum

➤ Skipulag og starfstilhögun

Þegar útlendur nemandi innritast í skóla í Kópavogi skal skólastjóri sjá til þess að sú skráning berist sérkennslufulltrúa Kópavogsbæjar. Hann kemur síðan á fundi með foreldrum (forráðanönnum) nemandans og þeim aðilum sem málið varðar. Þar verður staða nemandans metin og ákvörðun tekin um fyrirkomulag náms. Um tvær leiðir er að velja, sem ræðst m.a. af stöðu nemandans. Annars vegar getur nemandinn hafið nám í sínum heimaskóla, þar sem kennsla fer að mestu fram í bekk viðkomandi nemanda, með viðbótarstuðningi í íslensku. Hinn kosturinn er móttökudeild, sem nú er starfrækt í Hjallaskóla. Miðað er við að nemendur verði að hámarki tvö ár í deildinni.

➤ Túlkar til aðstoðar nemendum

Þar sem því verður viðkomið verða starfsmenn ráðnir tímabundið til þess að túlka og astoða nemendur við upphaf skólagöngu. Það er vitað að nemendur og fjölskyldur þeirra geta átt við ýmsa aðlögunarerfiðleika að etja fyrstu mánuðina á Íslandi og það skiptir miklu máli að nemendur geti tjáð sig á móðurmálinu um líðan sína, væntingar til skóla og veru á Íslandi.

➤ Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að starfsfólk í almenna skólakerfinu og móttökudeild sé í reglulegu sambandi við foreldra þeirra nemenda sem í deildinni eru, þar sem námsleg staða er rædd og vænlegar leiðir til þess að þroska og styrkja nemandann.

➤ Mat á stöðu nemenda, útskrift og eftirfylgd

Ákvörðun um útskrift úr deildinni skal tekin í samráði við foreldra nemandans og heimaskóla hans. Við útskrift veita kennarar móttökudeildar heimaskóla upplýsingar um námslega stöðu viðkomandi nemanda og ráðgjöf varðandi áframhaldandi nám hans. Að öðru leyti hafa kennarar heimaskóla umsjón með aðlögun nemandans í nýja skólanum.

➤ **Fræðsla um fjölmennningarlegt samfélag**

Unnið verði markvisst að því að fyrirbyggja fordóma og útlendingahatur með umfjöllun um fjölmennningarlegt samfélag og stuðla að virðingu og skilningi nemenda á ólíkri menningu.

12 Starfsáætlun Íþróttá- og tómstundadeildar Kópavogs

Inngangur

Íþróttá- og æskulýðsstarfsemi er fjölbreytt í Kópavogi en þar eru starfandi eru sjö félagsmiðstöðvar, níu íþróttafélög og tvö æskulýðsfélög. Í dag sækja börn og unglingar af erlendum uppruna ýmis frístundatilboð en kanna þarf með markvissum hætti þátttökufjölda og aðgengi. Íþróttá- og tómstundaráð stefnir að því að tryggja aðgengi að tilboðum á vettvangi frítímans með því að fylgja eftir starfsáætlun í málefnum útlendinga.

Markmið

- **Bæta aðgengi barna og unglinga af erlendum uppruna að starfi ÍTK**

ÍTK stefnir að því að koma upplýsingum um þjónustu og starfsemi til útlendinga í samstarfi við aðrar stofnanir í bænum.

Leiðir að þessu markmiði

- **Gefið verði út sameiginlegt kynningarrit um bæjarfélagið á nokkrum tungumálum í samstarfi við stofnanir bæjarins.**

- **Í öllu kynningarefni sem gefið er út á vegum ÍTK verði úrdráttur á erlendu tungumáli um innihald efnis.**

- **Virkja börn og unglunga af erlendum uppruna til þátttöku í starfi ÍTK**

Unnið verði að því í samstarfi við grunn- og framhaldsskóla, íþrótt- og æskulýðsfélög í Kópavogi að hvetja börn og unglunga af erlendum uppruna til þátttöku í starfsemi félagsmiðstöðva og öðru íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Leiðir að þessu markmiði

- **Könnuð verði þátttaka barna- og unglunga í frístundatilboðum.**
- **Skilgreindar verða leiðir til að bæta aðgengi barna- og unglunga að frístundatilboðum.**

- **Fræðsla um fordóma og fjölmennningarlegt samfélag**

Haldin verði námskeið í samstarfi við Alþjóðahús og fleiri aðila fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva, íþróttamannvirkja og hjá íþróttafélaga um fordóma og fjölmennningarlegt samfélag.

Leiðir að þessu markmiði

- **Gert verði ráð fyrir námskeiðum í fræðsluáætlunum stofnana og félaga.**

- **Efla samþættingu í starfi félagsmiðstöðva**

Félagsmiðstöðvar samþætti starf sitt með útlendingum í allri almennri starfsemi sinni.

Leiðir að þessu markmiði

- **Skilgreindar verði leiðir fyrir börn og unglunga til að taka þátt í starfsemi félagsmiðstöðvanna í samráði við skólana.**
- **Boðið verði upp á kynningu og fræðslu fyrir börn og unglunga í félagsmiðstöðvunum um fjölmennningarlegt samfélag og fordóma.**

- **Unnið verði að ýmsum verkefnum er varða fordóma og fjölmenningu s.s með þemavikum, kynningarkvöldum á opnum húsum og klúbbastarfsemi.**
- **Gerð verði áætlun í hverri félagsmiðstöð hvernig brugðist verði við ef upp koma alvarleg samstarf- eða samskiptavandamál í starfsmanna- eða unglingshópum.**

13 Starfsáætlun Heilsugæslunnar í Kópavogi

Inngangur

Heilsugæslan í Kópavogi stefnir að því að gera þjónustu aðgengilega fyrir útlendinga. Skv. lögum um heilbrigðisþjónustu skulu allir landsmenn eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tók á að veita, til verndar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði.

Markmið

- **Bæta aðgengi útlendinga að Heilsugæslunni**

Leiðir að þessu markmiði

- **Upplýsingaráðgjöf um þjónustu Heilsugæslunnar**

Almennar upplýsingar um heilsugæsluna. Þar sem veittar eru upplýsingar um aðgengi að heimilislæknum, ungbarnavernd, mæðravernd, skólaheilsugæslu, heimahjúkrun og allri annari starfsemi sem heilsugæslan veitir skv. lögum.

- **Upplýsingaefni**

Mikilvægt er að öllum upplýsingum sé komið á framfæri á skipulagðan og formlegan hátt og því þarf að útbúa upplýsingaefni og bækling um þjónustu Heilsugæslunnar í Kópavogi á erlendum tungumálum.

➤ **Túlkaþjónusta**

Skv. lögum um réttindi sjúklinga eiga útlendingar rétt á þjónustu túlka. Mikilvægt er að nýta þjónustu túlka til hagsmuna fyrir útlendinga. Settar verði leiðbeinandi reglur um notkun túlkaþjónustu.

• **Heilsuvernd útlendinga**

Útlendingar koma til landsins frá ólíkum menningarheimum þar sem skipulögð heilbrigðisþjónusta er í misjöfn, ýmsir sjúkdómar eru landlægir og bólusetningum oft ábótavant.

Leiðir að þessu markmiði

➤ **Starfslýsing/vinnureglur**

Heilsugæslan geri starfslýsingu/vinnureglur um heilsuvernd útlendinga, með það markmiði að framfylgja lögum um heilsuvernd.

➤ **Samstarf við aðra fagaðila heilbrigðisþjónustu**

Heilsugæslan vinni í samstarfi við aðra fagaðila heilbrigðisþjónustunnar. Hér er sérstaklega átt við samstarf við Bráðmóttöku barna, nýbúaskoðun - Landsspítala við Hringbraut og Lungna – og berklavarnardeild – Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg.

• **Fræðsla um fjölmennningarlegt samfélag**

Víðsýni og virðing fyrir menningu, tungu og trúarbrögðum annarra er ein af forsendum fyrir faglegri þjónustu.

Leiðir að þessu markmiði

➤ **Símenntun starfsfólks**

Starfsfólk heilsugæslunnar hafi tækifæri til að afla sér þekkingar um ólíka menningu og trúarbrögð til að fyrirbyggja hvers kyns fordóma og mismunun vegna uppruna.

14 Kostnaðaráætlun

	Árið 2001	Árið 2002
Samstarfsverkefni stofnana*		
Kynningarbæklingur/þýðingar	300.000	
Undirbúningur fyrir Alþjóðaviku	150.000	
Undirbúningur fyrir starfsþjálfunarverkefni	25.000	
Kynningar og fræðslumál	150.000	300.000
Heildarkostnaður	625.000	300.000

Verkefni	Félagsþjónustan		Leikskólaskrifstofan		Skólaskrifstofan		ÍTK		Heilsugæslan	
	2001	2002	2001	2002	2001	2002	2001	2002	2001	2002
Samstarfsverkefni*										
Kynningarbæklingur/þýðingar	60.000		60.000		60.000		60.000		60.000	
Undirb. f. Alþjóðaviku	30.000		30.000		30.000		30.000		30.000	
Undirb. f. Starfsþjálfunarverkefni	5.000		5.000		5.000		5.000		5.000	
Kynningar og fræðslumál	30.000	60.000	30.000	60.000	30.000	60.000	30.000	60.000	30.000	60.000
Sérverkefni										
Þjónustubæklingur/þýðingar		250.000								
Fræðsla	30.000	60.000								
Samtals	155.000	370.000	125.000	60.000	125.000	60.000	125.000	60.000	125.000	60.000

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska (1999). Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Antoinette Neysaa Gyedu-Adomako, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir (2000). *Social Condition of immigrant youth in Iceland*. Rannsóknir og Greining ehf.

Drög að starfsáætlun Miðgarðs í málefnum útlendinga 2001.

Drög að stefnu ÍTR í málefnum nýbúa 2000.

Drög, stefna Leikskóla Reykjavíkur í málefnum barna af erlendum uppruna 2000.

Fjölmenningarlegt samfélag, stefna Reykjavíkurborgar 2001-2001. (2001). Reykjavíkurborg.

Guðrún Pétursdóttir. (1999). *Fjölmenningarleg kennsla – forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*. Reykjavík, Guðrún Pétursdóttir.

Heimasíða Integrationveket í Svíðþjóð: <http://www.integrationverket.se>

Iceland in figures 1999-2000. Utanríkisráðuneytið og Hagstofa Íslands.

Katrin Einarsdóttir. (1999). *Children with foreign background – linguistic development and problem behavior*. Københavns Universitet.

Kristín Njálisdóttir. (1998). *Mangfoldighet.- Hvordan behandles det i Reykjavík?* Nordisk Sociat Arbeid NR 4.

Landshagir 1998 og 1999 og tölulegar upplýsingar frá af starfsmönnum Hagstofu.

Lög um almannatryggingar nr. 117/1993.

Lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 133/1994.

Lög um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965.

Lög um félagslega aðstoð nr. 118/1953.

Lög um félagsþjónustu sveitafélaga nr. 40/1991.

Lög um frjálsan atvinnu og búseturétt launafólks innan evrópska efnahagssvæðisins nr. 47/1993.

Lög um grunnskóla nr.66/1995.

Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr.100/1952 með síðari breytingum breytingum 1998.

Lög um lögheimili nr. 21/1990.

Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Málefni innflytjenda-skýrsla. (1999). Starfshópur um málefni innflytjenda/nýbúa í Hafnarfirði.

Málefni útlendinga – handbók um íslenskt samfélag fyrir útlendinga.
Félagsmálaráðuneytið (1999).

Rannveig Þórisdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg (1997).
Aðlögun Íslendinga af erlendum uppruna og stefnumótun í málefnum þeirra.
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Reglugerð um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku, Stjtið B,
nr. 391/1996.

Sigurður Guðmundsson (2000). *Þátttaka erlendra ríkisborgara í íslensku hagkerfi og*
á vinnumarkað. Þjóðhagsstofnun.

Starfsáætlun Miðstöðvar nýbúa fyrir árið 2000

Stefna í málefnum barna með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum
Reykjavíkur, tillögur starfshóps. (2000). Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.


Tillögur að aðgerðum sem geta auðveldað útlendingum aðlögun og þátttöku í íslensku
samfélagi – Nefndarálit (1998). Félagsmálaráðuneytið.

Um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi – álit nefndar um málefni
útlendinga (1997). Menntamálaráðuneytið.

Viðauki

Kópavogsbúar í hópi erlendra ríkisborgarara í desember 2000

Erlendir ríkisborgarar með lögheimili hér á landi í lok árs 2000 voru 8.824 og hafði þeim fjölgað um 1.553 eða um 21% frá árinu 1999. Í Kópavogi fjölgaði erlendum ríkisborgurum hlutfallslega mun meira, en þeir voru orðnir 630 í lok árs 2000 á móti 457 í lok árs 1999 og jafngildir það 37% aukningu á milli ára. Kópavogsbúar með erlent ríkisfang komu frá 56 þjóðlöndum árið 2000 á móti 46 árið 1999. Danir voru enn fjölmennastir, en Pólverjum fjölgaði um nær helming.



Heimild: Hagstofa Íslands